

með öðrum orðum var jafnvægisatvinnuleysið hér hærra en fyrir samdráttinn.

Frá 1979–1984 er eitt samdráttartímabil í Þýskalandi en tvö í Bretlandi, á Ítalíu, í Frakklandi, Kanada og Bandaríkjunum. Orsök samdráttartímabilanna var alls staðar aðhaldssöm peningamálastefna. Í öllum þessum löndum hækkuðu seðlabankar landanna vexti mikið í lok sjöunda áratugarins og í byrjun hins áttunda og verðbólgan lækkaði í kjölfarið. Kanada og Bandaríkin svöruðu samdrættinum með vaxtalækkun en hin löndin héldu aðhaldssamri peningastefnu til streitu. Menn héldu vöxtunum háum eða hækkuðu þá jafnvel örlítið.

Verkefni

- 1 Hvernig skilgreinir hagfræðin atvinnuleysi? Hvers vegna er atvinnuleysi illa séð bæði af almenningi og stjórnvöldum?
- 2 Teldu upp fimm tegundir atvinnuleysis og þær aðgerðir sem hægt er að gripa til í því skyni að koma í veg fyrir þessar ólíku tegundir atvinnuleysis?
- 3 Hvað er átt við með NAIRU eða jafnvægisatvinnuleysi? Hvaða þættir hafa helst áhrif á jafnvægisatvinnuleysið samkvæmt hefðbundnum hagfræðikenningum? Nýrri rannsóknir L. Ball varpa nýju ljósi á jafnvægisatvinnuleysið. Gerðu grein fyrir hugsanlegum áhrifum skammtímaefnahagsstefnu stjórnvalda á jafnvægisatvinnuleysið.

John Maynard Keynes

16

„In the long run we will all be dead“

John Maynard Keynes

John Maynard Keynes fæddist í Englandi 1883. Hann var afburðanámsmaður sem fékk styrk til náms í Eton, einum virtasta menntaskóla Bretlands. Þar lærði hann að drekka kampavín og aðspurður sagði hann að það væri bara eitt sem hann sæi eftir í lífinu og það væri að hafa ekki drukkið meira kampavín. Síðar stundaði hann svo háskólanám við King's College í Cambridge.

Eftir nokkurra ára starf í Indlandsmálaráðuneytinu varð hann háskólakennari í Cambridge. Hann gegndi einnig stöðu seðlabankastjóra, leikhússtjóra og var ritstjóri *Economic Journal*, eins virtasta hagfræðitímarits í Bretlandi, í meira en þrjá áratugi. Keynes var mikill stærðfræðingur, gaf út merka bók um líkindareikning og hagnaðist á gjaldeyrisviðskiptum. Hann ræktaði rósir og safnaði málverkum og átti á sinni tíð eitt verðmætasta safn samtímamálverka í einkaeign í Evrópu. Hann kvæntist Lydiu Lopokovu sem var rússnesk ballettdansmar og í vina hópi þeirra voru þekktustu mennta- og gáfumenn þjóðarinnar, skáld og listamenn. Líf hans og lífsstíll var afar ólíkur lífi Adams Smith sem leið best heima hjá sér og varði tómstundum sínum í tedrykkju og spilamennsku. En báðir voru þessir menn algjörir snillingar þótt ólíkir væru. Keynes lést árið 1946.

Keynes er af flestum talinn merkasti hagfræðingur tuttugustu aldarinnar. Bók hans *The Economic Consequences of the Peace* (Efnahagslegar afleiðingar friðarins) kom út árið 1919. Fyrir hana öðlaðist hann heimsfrægð en í henni var hann manna



John Maynard Keynes
1883–1946.

fyrstur til að benda á skelfilegar afleiðingar Versalasamninganna – sumir vilja jafnvel halda því fram að hann hafi þar spáð fyrir um seinni heimsstyrjöldina. Hann skrifaði einnig rit um peninga sem kom út árið 1930 þar sem hann fjallaði um orsakir þess að landsframleiðslan sveiflist milli góðæra og samdráttartíma, þ.e. um svokallaðar hagsveiflur.

Í byrjun 19. aldar var tekju- og eignaskiptingin með þeim hætti í Bretlandi að þeir einu sem gátu lagt fyrir voru annaðhvort fjármagnseigendur eða auðugir landeigendur og þeir notuðu sparnaðinn til að kaupa land, byggingar, vélar og verkfæri.

Á miðri 19. öld verða miklar breytingar á tekju- og eignaskiptingunni. Samfara þessum breytingum geta nú fleiri stéttir sparað. Fyrirtækin stækka og þurfa á meira lánsfjármagni að halda. Fjármunir auðmanna og landeigenda duga ekki til, heldur þarf nú að seilast í auknum mæli til bankareikninga almennings. Sparisfjáreigendur og fjárfestar eru ekki lengur sömu einstaklingarnir.

Adam Smith benti á að auðlegð þjóða væri hvorki gull né aðrir dýrir málmar í fjárhirslum ríkisins. Það eru tekjur þjóðarinnar á hverjum tíma sem ráða því hvernig þjóðinni farnast. Þessar tekjur eru ekki stöðugar. Þær fara frá heimilunum til fyrirtækjanna þegar þau greiða verð fyrir vörur og þjónustu sem fyrirtækin framleiða. Fyrirtækin eyða síðan bróðurparti tekna sinna til að greiða heimilunum laun, vexti, arð og leigu fyrir afnot af framleiðsluþáttunum. Heimilin eyða tekjum sínum aftur og þannig gengur þetta koll af kalli. Það er aðeins einn hluti tekna sem ekki verður að nýjum tekjum fyrir einhverja aðra, það er sparnaðurinn. Sparnaðurinn er lagður inn á banka til að hafa af honum vexti og ef enginn vill nýta hann til að kaupa fyrir hann verksmiðju eða vél minnka tekjur þjóðarinnar.

Í *Ritgerðinni um peningana* velti Keynes fyrir sér afleiðingum þess að sparnaðurinn sé ekki nýttur. Þótt það gæti skýrt hluta af rótum hagsveiflunnar eða af hverju hagkerfið sveifladið frá góðæri til samdráttar fékkst ekki svar við spurningunni sem brann á allra vörum í kreppunni: Hvernig stendur á því að samdráttartimar geta dregist svo á langinn að úr þeim verði heimskreppa?

Eðlilegt var að gera ráð fyrir því að aukinn sparnaður og litlar

fjárfestingar leiddu smám saman til lægri vaxta og þannig til aukinna fjárfestinga og meiri tekna. En sú varð ekki raunin.

Klassísku hagfræðingarnir töldu að hagkerfið væri sjálfstýrandi og biðu þess í miðri kreppunni að markaðsöflin kæmu þeim til bjargar og eyddu atvinnuleysinu. Í þeirra augum voru orsakir atvinnuleysisins augljósar. Þeir litu til vörumarkaðsins og fundu svarið. Þegar framleiðandi verðleggur vöru of hátt selst hún ekki og birgðir hlaðast upp. Leiðin til að losna við birgðirnar er að lækka verðið.


Þeir töldu að það sama gildi um vinnuaflið. Ef litid er á vinnuaflið eins og hverja aðra vöru á markaði er atvinnulaust fólk nokkurs konar birgðir af vinnuafli sem enginn vill ráða í vinnu og ástæða er sú sama og á vörumarkaðnum – launin sem krafist er fyrir vinnuna eru of há.

Klassísku hagfræðingarnir töldu of háa vexti einnig vera orsök atvinnuleysisins. Vextir eru verð sem lántakendur þurfa að greiða ætli þeir að ráðast í dýrar fjárfestingar. Háir vextir draga því úr fjárfestingum fyrirtækja og einstaklinga. Til að auka fjárfestingar þarf að lækka vexti og vextir lækka ekki nema sparnaður aukist.

Klassíska hagfræðin greindi eðli sjúkdómsins og læknisráðin voru einföld – lækka laun og auka sparnað. Bresk stjórnvöld treystu ráðum klassísku hagfræðinganna og hvöttu almenning og fyrirtæki til að spara. Þau lækkuðu síðan laun opinberra starfsmanna í þeirri von að einkareksturinn mundi feta í fótspor þeirra og lækka laun á almennum vinnumarkaði. Á þennan hátt töldu stjórnvöld að draga mætti úr atvinnuleysinu. En allt kom fyrir ekki. Atvinnuleysid varð meira en nokkru sinni fyrr og það var ekki sist vegna aðgerða stjórnvalda í efnahagsmálum.

Almenna kenningin um atvinnu, vexti og peninga

Bók Keynes, *Almenna kenningin um atvinnu, vexti og peninga*, sem kom út árið 1936 er eitt merkasta rit sem skrifað hefur verið um hagfræði, eins og greint er frá í kaflanum hér á undan, og olli sannkallaðri byltingu í fræðunum. Kenningar bókarinnar



Mynd 16.1 Of háir vextir, of litlar fjárfestingar.

Keynesísk hagfræði

ar eru kallaðar keynesísk hagfræði¹ en hún tók við af klassísku hagfræðinni sem byggðist á þeim hugmyndum sem voru alls ráðandi meðal hagfræðinga fyrir 1936.

Bókin kom út í Bretland í miðri kreppunni. Þá var stór hluti atvinnutækja í Evrópu og Bandaríkjunum vannýttur og atvinnuleysið fór upp í 25% af mannaflanum. Það var því ekki líklegt að fyrirtækin myndu sig knúin til mikilla fjárfestinga eða að almenn-ingur hefði mikið fé aflögu til sparnaðar. Til samanburðar má nefna að atvinnuleysið hér á landi var um 2% árið 2007 og meðaltalsatvinnuleysi hér á landi frá 1945–2006 var 1,13%.

Keynesíska byltingin eða kenningar Keynes um hagkerfið og orsakir atvinnuleysisins umbýltu öllu því sem klassísku hagfræðikenningarnar höfðu talið vera orsakir kreppunnar. Keynes setti fram þá kenningu að eftirspurn eftir vinnuafli væri afleidd eftirspurn. Það væri eftirspurn eftir vörum og þjónustu sem skapaði eftirspurn eftir vinnuafli.

Í kreppunni var eftirspurnin mjög takmörkuð. Hinir atvinnulausu áttu enga peninga og þeir sem áttu einhverja fjármuni héldu að sér höndum og eyddu litlu vegna þess að þeir óttuðust framtíðina. Keynes benti á að fjárfestingar fyrirtækja ákvörðuðust ekki einvörðungu af hæð vaxta heldur ekki síður af hugmyndum framleiðenda um framtíðina. Þeir keyptu nýja vél eða reistu nýja verksmidju vegna þess að þeir héldu að þeir gætu selt vörurnar, sem nýju vélinni og verksmidjunni var ætlað að framleiða, með hagnaði. Þess vegna fjárfestu þeir. Það eru því hugmyndir manna um framtíðina sem ákveða fjárfestingar fyrirtækja.

Í kreppunni miðri var lítil ástæða til bjartsýni. Þar skorti eftirspurn eftir vörum og þjónustu þannig að þegar gömlu vélarnar gengu úr sér voru þær ekki einu sinni endurnýjaðar. Keynes gerði ekki lítið úr markaðnum en hann samt var ekki tilbúinn til að láta vinnufúsar hendur bíða árum saman eftir því að markaðurinn leysti vanda þeirra. Frægt er svar hans við fullyrðingum klassísku hagfræðinganna sem vildu bíða og töldu að markaðurinn gæti eytt atvinnuleysinu bara ef hann fengi til þess nógu

¹ Stundum kallaðar keynesíska byltingin.

langan tíma. Svar Keynes var: „En þegar til lengri tíma er lítið, þá verðum við öll dauð.“

Að mati Keynes er hagkerfið eins og lyfta. Það gat farið upp nokkrar hæðir á þenslutímum og sigið niður á fyrstu hæð á samdráttartímum. En lyftan gat stöðvast hvar sem er. Að mati Keynes var ekkert sjálfstýrandi afl á markaðnum sem gat komið lyftunni af stað ef hún hafði stöðvast á fyrstu hæð. Til að koma hagkerfinu upp úr kreppunni þurfti ríkisvaldið að auka tekjur almennings og skapa þannig eftirspurn en á þenslutímum þarf ríkið að draga úr tekjum fólks til að minnka eftirspurn. Þetta getur enginn gert annar en ríkið því að ríkið getur bæði lagt á skatta og eytt skatttekjunum. Það getur því aukið útgjöld sín og lækkað skatta á samdráttartímum og dregið úr eyðslunni og hækkað skatta á þenslutímum.

Þegar *Almenna kenningin um atvinnu, vexti og peninga* kom út var það útbreidd skoðun manna að ríkið þyrfti hvorki né ætti að skipta sér af hagkerfinu. Keynes sýndi fyrstur manna fram á nauðsyn þess að ríkið eða opinberir aðilar skiptu sér af hagkerfinu, jafnt í samdrætti sem á þenslutímum.

Verkefni

- 1 Segðu frá John Maynard Keynes.
- 2 Hver voru merkustu verk hans?
- 3 Hverjar voru kenningar klassisku hagfræðinnar um orsakir atvinnuleysisins?
- 4 Hvaða ráð taldi klassiska hagfræðin duga við atvinnuleysinu?
- 5 Hvernig var kenning Keynes um orsakir atvinnuleysisins í kreppunni?
- 6 Hver voru ráð hans við atvinnuleysinu?

Verðbólgan


17

Visitala neysluvöru-
verðlags

Verðbólga er hækkun á almennu verðlagi á einu ári eða á 12 mánaða tímabili. Hún er mæld með visitölu neysluvöruverðlags sem er visitala sem sýnir breytingar á verðlagi allra þeirra vara og þjónustu sem íslenskar fjölskyldur eyða tekjum sínum í. Til að reikna út verðbólguna eru breytingar á verði hverrar vöru og þjónustu margfaldaðar með því vægi sem viðkomandi vara og þjónusta hefur í meðaltalseyðslu fjölskyldna á landinu.

Ef öll eyðsla Íslendinga fer til kaupa á matvörum og ef matvaran hækkar á 12 mánaða tímabili um 5% er verðbólgan í landinu líka 5%. Ef 20% af eyðslu okkar fara í matarkaup, eða einn fimmti af allri eyðslunni, veldur 5% hækkun á matvöru 1% hækkun á almennu verðlagi. Verðbólgan vegna hækkunar á matarverði væri því 1%.

Einu sinni í mánuði er kannað hversu mikið verðið á hverjum útgjaldaliði í eyðslu okkar hefur breyst frá mánuðinum á undan. Þessar hækkanir eða lækkanir eru síðan margfaldaðar með því vægi sem hver þjónusta eða vara hefur í heildareyðslunni. Allar þessar vegnu hækkanir og lækkunir eru lagðar saman til að reikna út verðbólguna eða verðhjöðnunina á tímabilinu.



¹ Peningamáli, 2008: 1, bls. 124

Mynd 17.1 Árleg
verðbólga¹